

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

8. fundur

Mánudaginn 7. janúar 2019 kl. 15.00 á hafnarskrifstofunni

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Ólafur Ingi Tómasson, Gylfi Ingvarsson, Karólína Helga Símonardóttir, Guðrún Guðmundsdóttir og Lúðvík Geirsson.

- 1) Kynntar tillögur arkitektahópsins um samráðs- og kynningarfund þann 21. janúar nk. Fundað verður í Hafnarborg með sérfræðihóp kl. 13-16 og í framhaldinu verður haldinn opinn kynningarfundur á sama stað frá kl. 16-30 – 18. Kynningarfundurinn verður auglýstur í bæjarblöðum.
- 2) Guðrún skýrði frá fundum með fulltrúum frá verkfræðistofunni Mannvit sem munu vinna úttekt og tillögur varðandi umferðarflæði á skipulagssvæðinu.
- 3) Farið yfir frekari tímasetningar við skipulagsvinnu. Samráðsnefnd leggur áherslu á að standa fast á tímaramma þannig að endanlegar útfærslur liggi fyrir í byrjun maí á komandi vori.
- 4) Rætt um tímasetningu á fyrirhuguðum vinnufundi samráðsnefndar og arkitektahópsins í lok febrúar eða byrjun mars. Arkitektar munu í samvinnu við Guðrúnu koma með tillögur um staði til heimsækja og skoða nánar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00
LG ritaði fundargerð